

Alþingi
Erindi nr. P 135/258S
komudagur 7.S. 2008

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 5. maí 2008

EFNI: Beiðni um umsögn Félags eggjaframleiðenda um: Þskj. 825 — 524. mál. Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða. (Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

Félag eggjaframleiðenda tekur undir athugasemdir Bændasamtaka Íslands og að auki vill félagið koma á framfæri eftirfarandi:

Gæðaeftirlit í uppnámi:

Tryggja þarf að umræddar lagabreytingar skapi ekki aukna hættu varðandi heilsu manna og dýravernd.

Erfðaefnin:

Mun dýrara er fyrir eggjaframleiðendur á Íslandi að flytja inn erfðaefni fyrir varpstofna það þarf að endurskoða það verklag í heild sinni og þá þannig að eggjaframleiðendur geti flutt inn dagsgamla varpunga beint í einangrunarstöðvar undir eftirliti Matvælastofnunar.

Kostnaður við eftirlit:

Eftirlitskostnaður má ekki verða hærri hér á landi en í þeim löndum sem koma til með að flytja kjöt hingað til lands.

Með þessu frumvarpi er matvælaöryggi þjóðarinnar stefnt í hættu. Þar sem starfsumhverfi er mun dýrara hér á landi en í þeim löndum sem líklegt er að kjöt verði flutt til Íslands, er hættu á að landbúnaður leggist smásaman af á Íslandi.

Fyrir hönd Félags eggjabænda

viðingarfyllst,
Hildur Traustadóttir


framkvæmdastjóri